

AUGLÝSING

um breytingar á deiliskipulagi í Reykjavíkurborg.

Bústaðahverfi.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 4. júlí 2024, breytingu á skilmálum deiliskipulags Bústaðahverfis. Í breytingunni felst að breytt er texta í kaflanum 5.1.1. er snýr að þakhæð og svölum í risi húsa í hverfinu. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skúlagötusvæði – Lindargata 40-46 og Vatnsstígur 12 og 12A.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 4. júlí 2024, breytingu á deiliskipulagi Skúlagötusvæðis vegna lóðanna nr. 40-46 við Lindargötu og 12 og 12A við Vatnsstíg. Í breytingunni felst sameining lóðanna þriggja í eina lóð. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Borgaskólalóð – Vættaborgir 11 og 13 – Hulduheimar.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 8. ágúst 2024, breytingu á deiliskipulagi Borgaskólalóða, vegna lóðanna nr. 11 og 13 við Vættaborgir. Í breytingunni felst m.a. að lóðirnar eru sameinaðar í eina lóð, leikskólalóð, nýr byggingarreitur fyrir einnar hæðar viðbyggingu er skilgreindur á lóðinni, bílastæðum er fjölgað um 1 stæði, úr 15 stæðum í 16 stæði, þar af 1 bílastæði fyrir hreyfihamlaða og koma skal fyrir sorplausn innan lóðarmarka ásamt því að gera ráð fyrir vagna- og hjólageymslum. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Melar – Reynimelur 66.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 15. ágúst 2024, breytingu á deiliskipulagi Mela vegna lóðarinnar nr. 66 við Reynimel. Í breytingunni felst að skilgreina nýtingarhlutfall byggingarmagns neðanjarðar en nýtingarhlutfall ofanjarðar helst óbreytt. Byggingarreitur sem felldur var út í gildandi deiliskipulagi er fjarlægður af skipulagsuppdrætti. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Deiliskipulag neðan Sléttuvegar – Sléttuvegur 25, Skógarvegur 4 og 10.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 samþykkti skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, með vísan til heimilda um embættisafgreiðslur skipulagsfulltrúa í viðauka við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar, 22. ágúst 2024, breytingu á deiliskipulagi neðan Sléttuvegar vegna Skógarvegur 4 og 10, lóð nr. 25 við Sléttuveg. Í breytingunni felst færsla á byggingarreitum fyrir djúpgáma og að heimilt verði að nýta tvö bílastæði vestast á lóðinni fyrir framan Skógarveg 10 sem snúningsstæði. Uppdrættir hafa hlotið meðferð samkvæmt 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsfulltrúi Reykjavíkur, 10. september 2024.

Björn Axelsson.